

Birtist í *Morgunblaðinu*, 6. mars 2002.

Um réttláta skiptingu arðs af aflaheimildum

Jón Steinsson

Í umræðunni um skiptingu arðs af aflaheimildum markast afstaða flestra af tvenns konar sjónarmiðum. Annars vegar má færa fyrir því rök að arðurinn sem verður til við það að ríkið takmarki aðgang að auðlindinni eigi að renna jafnt til allra landsmanna. Hins vegar má færa fyrir því rök að arðurinn eigi að renna til hinna ýmsu hópa sem eiga sérstakra hagsmuna að gæta í sjávarútvegi. Flestir eru vísast sammála því að eitthvað sé til í þessu hvoru tveggja. Umræðan ætti því að snúast um það hversu stór hluti arðsins eigi að renna til mismunandi hagsmunahópa í sjávarútvegi og hversu stór hluti eigi að renna jafnt til allra landsmanna.

Hingað til hefur allur arðurinn af aflaheimildunum runnið til eins af þeim mörgu hópum sem á hagsmuna að gæta í sjávarútvegi, þ.e. útgerðarinnar. Aðrir hagsmunahópar í sjávarútvegi, svo sem fiskvinslan og sjómenn, hafa ekkert fengið þótt þeir eigi ekki síður sérstakra hagsmuna að gæta í sjávarútvegi en útgerðin. Þessir hópar og þjóðin í heild sinni hafa aðeins notið góðs af takmörkun aðgangs að aflaheimildunum óbeint.

Fylgismenn núverandi kerfis hafa varið réttlæti þess að arðurinn renni til útgerðarinnar með vísan í dugnað útgerðarmanna og þá áhættu sem þeir hafa tekið í gegnum tíðina. Þeir gleyma hins vegar algerlega dugnaði sjómanna og alla þá áhættu sem þeir hafa tekið í gegnum tíðina. Þeir gleyma einnig fjölskyldum þeirra sem týnt hafa lífi við sjómannsstörf. Þetta fólk hætti í gegnum tíðina meiru en bara auð sínum til þess að færa fátækri þjóð björg í bú. En síðan 1984 hafa allar þessar fórnir verið gleymdar og það eina sem staðið hefur eftir í hugum íslenskra stjórnmalamanna er dugnaður fjármagnseigendanna.

Útgerðin hefur nú setið ein að arðinum af aflaheimildunum í tæp tuttugu ár. Og enn telur hún það eftir sér að skipta arðinum með öðrum hópum í þjóðfélaginu. Sjávarútvegsráðherra hefur augljóslega mikla samúð með málstað útgerðarinnar. Hann hefur nýverið lagt til frumvarp sem gert er ráð fyrir að útgerðin greiði veiðigjald sem nægir ekki einu sinni til þess að greiða þann kostnað sem á ríkið fellur vegna sjávarútvegsins.

Fram hafa komið tillögur sem gera ráð fyrir mun jafnari skiptingu arðs milli útgerðarinnar og þjóðarinnar. Þessar tillögur gera ráð fyrir því að aflaheimildir fyrnist smám saman og séu jafn óðum seldar á uppboði. Ef tekin væri upp fyrning aflaheimilda um 10% á ári myndi það þýða að 30-50% af núvirtum framtíðararði af aflaheimildunum rynni áfram til útgerðarinnar. Ef fyrning aflaheimilda væri 5% á ári myndi meira en 50% af arðinum renna til útgerðarinnar. En hvorki stjórnvöld né útgerðin vilja heyra á slíkt minnst.

Réttlætiskennd stjórnvalda virðist hníga að því að útgerðin sitji ein um arðinn af aflaheimildunum og að þjóðin greiði helst hluta af þeim kostnaði sem því fylgir að nýta þær. Ég get vitaskuld ekki talað fyrir aðra en sjálfan mig. En frá mínum bæjardyrum séð felst ekki réttlæti í slíkri skiptingu heldur argasta ranglæti.